

## **Ríkisskattstjóri heimilar Jóni Jósef aðgang að gagnagrunni fyrirtækjaskrár**

Jón Jósef Bjarnason, forráðamaður IT Ráðgjafar- og hugbúnaðarþjónustunnar ehf., fær á næstunni aðgang að gagnagrunni fyrirtækjaskrár. Þetta er ákvörðun ríkisskattstjóra eftir að fyrir liggur að Persónuvernd gerir ekki athugasamdir við aðganginn að gögnunum.

Í tilkynningu ríkisskattstjóra segir:

"Að undanfögnu hefur verið til umfjöllunar á opinberum vettvangi ósk forráðamanns IT Ráðgjafar- og hugbúnaðarþjónustu ehf. um að fá aðgang að gagnagrunni fyrirtækjaskrár. Ríkisskattstjóri taldi nauðsynlegt m.t.t. eðli gagnagrunnsins og fyrirhugaðar starfsemi, að afstaða Persónuverndar þyrfti að liggja fyrir.

Nú þegar afstaða Persónuverndar er ljós ætti ekkert að vera því til fyrirstöðu að forráðamaður hlutaðeigandi félags fái umbeðinn aðgang að uppfylltum viðeigandi öryggis- og formkröfum. Reiknað er með að unnt verði að ganga frá því á næstu dögum og skráin þá gerð aðgengileg.

Þá vill ríkisskattstjóri taka fram að öll verkfæri sem nýst geta eftirlitsaðilum og þar með skattyfirvöldum til að auðvelda störf þeirra og jafnframt við að stuðla að gagnsæi í viðskiptum og til að upplýsa um krosseignatengsl, eru mikils virði."